

Bókasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla fyrir árið 2023



Efnisyfirlit:

Hagnýtar upplýsingar

Lykiltölur 2023
Hlutverk
Leiðarljós
Markmið
Leiðir að markmiðum
Aðsetur
Opnunartími
Húsnæði
Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
Rafrænn aðgangur
Rekstrartölur
Starfsfólk
Helstu verkefni ársins
Súlan - verkefnastofa

Aðfangadeild

Hlutverk
Safnkostur

Barna- og ungmennastarf

Sögustundir/heimsóknir
Samstarfsverkefni
Sumarlestur
Koffort
Gaman að lesa saman
Bókaverðlaun barnanna
Fjölskyldudagar
Barnahátíð
Sögupokar

Fjölmennning

Heimskonur
Heima er þar sem hjartað slær
Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Þjónusta við fólk með alþjóðlega vernd
Millisafnalán
Samstarf við Norræna húsið

Heimsendingar

Tölur yfir útlán

Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum

Reglulegir/fastir viðburðir
Aðrir viðburðir á árinu
Sýningar í Áttthagastofu
Kynningarmál

Tölvu- og tæknimál

Tölvueign
Forrit og kerfi

Upplýsingadeild

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
Millisafnalán
Notendaþjónusta
Handbækur
Upplýsingavakt

Útlánadeild

Verksvið
Útlán

Viðgerðir og bókbönd

Stapasafn

Forsíðumyndin er samsett. Yfirlitsmynd frá starfinu, viðburðum og upplestri.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2023: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 77.185 (78.786)

Útlán á íbúa: 3,5 (3,6)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2023 voru 49.399 (49.677)

Útlán Stapasafns 6.854 (7.876)

Útlán á Nesvelli og Hlévang voru 320 (334)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.860 (19.860)

Útlán í Rafbókasafni: 602 (469)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 150 (160)

Útlán, endurnýjanir og skil í sjálfsafgreiðsluvél: 28.446

Fjöldi lánþega með gild kort 31. desember 2023 2.623 (2.726)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir og ratleik: 100 (114)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 983 börn

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir í Stapasafni 25 (16)

Sumarlestur: 267 (331)

Skráning í netkaffi: 1.844 (1.665)

Þjónustutími: 50 klst á viku yfir vetratímamann (45 klst sumar)

Þjónustudagar: 289 (287)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2023: 56.602 (61.882)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2023: 9 (9). Stöðugildi 6,8 (6,6)

Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun. Bókasafnið er staðurinn til að heimsækja til að sækja fræðslu, námskeið, viðburði, skemmtun, eflandi einveru og nærandi samveru.

Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, vísýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lífandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öfluga þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tímarita og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna og [leitir.is](#), hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennanbyggðir í Átthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.



Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, vefang: sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn. Stapasafn er til húsa í Stapaskóla, Dalsbraut 11 í Innri-Njarðvíkurhverfi. Póstfang 260. Sími 420 9802. Netfang: stapasafn@reykjanesbaer.is.

Opnunartími: Safnið er opið mánudaga til föstudaga kl. 9-18 og laugardaga 11-16 yfir vetratímam. Lokað er á laugardögum yfir sumarið vegna niðurskurðar hjá sveitarfélaginu. Fyrir síðastu 2 ár eru þetta um 200 tímar í niðurskurði. Stapasafn er opið frá 8-15 virka daga sem skólasafn. Miklar seinkanir eru á því verkefni.

Húsnæði: Safnið er í 760 m² húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 395 m² og neðri hæð 365 m². Neðri hæðin nýtist illa vegna lofthæðar, loftgæða og ranghala. Stapasafn er í 476 m². Almennarými gesta hefur minnkað með hverju árinu.

Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Safnið á tvær sjálfsafgreiðsluvélar, ein í aðalsafni og önnur er í Stapasafni.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is og leitir.is. Bókasafnið er aðili að Rafbókasafni rafbokasafn.is.

Rekstrartölur: Fjárhagsáætlun Bókasafnsins 2023 hljóðar upp á rúmlega 95.000.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 4.500.000 kr., launakostnaður tæpar 72.000.000 og annar rekstrarkostnaður 28.000.000. Fjárhagsáætlun Stapasafns 2023 hljóðar upp á 13.690.000 kr. sem er nær það sama og árið áður. Launakostnaður var áætlaður 9.300.000 kr. og annar rekstarkostnaður 4.370.000 kr.

Starfsfólk: Í árslok 2023 voru 9 (9) starfsmenn á safninu í 6,8 (6,6) stöðugildum. Þeir eru: Anna María Cornette, Diljá Rún Ívarsdóttir, Guðný Kristín Bjarnadóttir (staðgengill forstöðumanns), Jóna Þórudóttir, Oddný Leifsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Sigurrós Inga Sigurbergisdóttir, Vala Björk Svansdóttir og Þórey Ösp Gunnarsdóttir. Auk þess voru Marta Alda Pitak, Guðríður Anna Waage og Unnur Ósk Wium Hörpudóttir í afleysingum. Frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar komu þær Bergrún Björk og Ylfa Vár. Gunnar Berg kom í vinnuþrófun í gegnum Samvinnu.

Áhrifakeðja Bókasafns Reykjanesbæjar



Helstu verkefni ársins:

Árið 2023 var farið yfir í að setja flögur (e. Tags) í öll safngögn. Mikil vinna hefur farið í verkefnið því í leiðinni var grísjáð hraustlega úr safnkostinum. Þetta er mjög mikilvægt og til þess fallið að auðvelda notendum að skila og taka safngögn á auðveldan hátt í gegnum sjálfsafgreiðslu. Öll bókasafnskort eru orðin stafræn og eru sótt með auðkenni á leitar.is. Sett var upp frátektahilli hjá sjálfsafgreiðsluvélinni en þar sækir lánþegi sína frátektaþók en kerfið sendir sjálfkrafa tölvupóst þegar safngagn kemur inn.

Starfsfólk lagði land undir fót og fór í fræðsluferð 26. – 29. apríl til Osló. Heimsótt voru Majorstuen bókasafnið, Flammen bókasafnið í Nittedal, samsteypusafnið í Smestad og síðast en ekki síst Björvika sem er aðalsafn Osló. Átta starfsmenn bókasafnsins fóru í fræðsluferðina og var sóttur styrkur í menntasjóð Starfsmannafélags Suðurnesja og Starfsþróunarsjóð háskólanna fyrir ferðinni. Allir þátttakendur voru sammála um mikilvægi svona fræðsluferða, til þess að kynna sér hvað er að gerast á öðrum söfnum og sérstaklega á Norðurlöndum en þau standa framarlega í þessum bókasafnsheimi. Áberandi var að á öllum söfnunum var fullt að fólki á öllum aldri. Ýmsar hugmyndir vöknudu sem munu líta dagsins ljós á næstu misserum. Auk þess má ekki gleyma hópeflis þættinum sem er mikilvægur fyrir starfsmannahópinn.

Forstöðumaður og Berglind Ásgeirsdóttir umhverfisstjóri frá Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar fóru í fundar og námsferð í Erasmus+ verkefninu Nature Based Education til Noregs 30. maí – 4. júní. Farið var til eyjanna Hitra og Frøya þar sem samstarfaðilar kynntu sér verkefni Dalpro (Dalpro er fyrirtæki í eigu sveitarfélags Hitra og Frøya), gróðursettu, elduðu grænmetissúpu, kynntu sér verkefni Dalpro og margt fleira.

Bókasafn Reykjanesbæjar hlaut 120 þúsund evru styrk úr Erasmus+ styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál á sviði fullorðinsfræðslu. Bókasafnið sótti um styrkinn ásamt samstarfsaðilum frá Slóvakíu og Armeníu. Fókus verkefnisins er á lífsgæði unga fólksins og gerð verða kort og borðspil þar sem hægt er að fræðast um andlega heilsu sína í leiðinni. Samstarfsaðilar safnsins í verkefninu sem ber heitið Erasmus+ Strategize YOU(r)th Journey To Wellbeing! komu til fundar (Project Kick-off Meeting) og hófu þetta verkefni í Reykjanesbæ 20. -21. nóvember 2023. Að verkefninu koma Marta Alda Pitak, starfsmaður safnsins, Hreggviður Hermannson BS í sálfræði og meistaranemi í íþróttasálfræði og Andri Þór Árnason félagsfræðinemi við Háskóla Íslands auk annarra starfsmanna eftir þörfum.

Bókasafn Reykjanesbæjar og Garðyrkjufélag Suðurnesja hafa átt í farsælu samstarfi er kemur að umhverfismálum, ræktun og samfélagsrými með það markmið að vera með í mótun samfélagsgarðs við enda á Ráðhúsi Reykjanesbæjar. Verkefnið hefur skýrt skot í inngildingu þar sem fjöldi sjálfboðaliða á öllum aldri og töluðu fjölbreytt tungumál tóku sig saman við að hreinsa svæðið, taka upp ónýtan gróður, þrifa beð og setja jarðvegsdúk. Verkefnið var styrkt af Andrými og Erasmus+ styrkjaáætlun ESB.

Samstarfsaðilar safnsins í Erasmus+ Nature Based Education verkefninu komu til Reykjanesbæjar 29. ágúst til 3. september. Auk þess að funda um verkefnið þá var farið í námsferð á Suðurlandið og Reykjanesbæ sem lauk með „pop up“ viðburði á Ljósanótt þar sem gestir safnsins gátu bragðað á heilnæmu tei og grilluðum nýjum kartöflum með kryddi úr samfélagsgarðinum. Mikil og almenn ánægja var með þennan viðburð og voru samstarfsaðilar sammála um að ferðin hafi verið bæði skemmtileg og lærdómsfull. Verkefnastjórn er á höndum Bókasafns Reykjanesbæjar. Þetta verkefni hlaut 60.000 evru styrk Erasmus+ styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál á sviði fullorðinsfræðslu.

Síðastliðin ár hefur Bókasafn Reykjanesbæjar stefnt að því að setja upp nokkrar fjölbreyttar og metnaðarfullar sýningar í Áttagastofu sem tengjast samfélaginu okkar á Reykjanesi og/eða safnkosti bókasafnsins. Þetta er góð leið til að ná til breiðari hóps viðskiptavina. Ókeypiss er inn á allar sýningar og þær eru opnar á opnunartíma bókasafnsins. Sýningarnar ársins voru um Elvis Presley, Heimur er þar sem hjartað slær, Horfin hús – horfin heimur og Jól í Ólátagarði. Rúmlega 26.000 manns skoðuðu sýningar í Áttagastofu á árinu.

Sótt var í Uppbyggingarsjóð fyrir verkefnið „Kynning á bókmenntaarfi“ með almenningubókasöfnum á Suðurnesjum sem fékkst.

Bókasafn Reykjanesbæjar hefur brugðist við ástandinu sem nú ríkir í Myllubakka- og Holtaskóla, þar sem skólarnir hafa misst sín skólabókasöfn vegna mygluástands. Brugðist hefur verið við með aukningu á bókakaupum í flokki léttlestrar- og barnabóka, ásamt því að hafa alla leslista til staðar fyrir Holtaskóla til að auðvelda fyrir bæði foreldrum og börnum.

Ennþá er lokað á laugardögum yfir sumartímann vegna niðurskurðar sveitarfélagsins var opnunartími Bókasafnsins stytur um eina klukkustund á laugardögum yfir vetrartímann (núverandi opnunartími er 11-16) og lokað á laugardögum yfir sumartímann. Þetta var erfið ákvörðun og kemur illa við marga en vonandi er þetta tímabundið. Áhrif þessa hefur gætt í fækkun í sumarlestri þar sem lokað var á laugardögum yfir sumarið hjá en eru þeir dagar mikið nýttir af börnum og fjölskyldufólki. Þetta eru um 100 tímar á ári í niðurskurði.

Ástandið og plássleysi er farið að hafa veruleg áhrif á starfssemi safnsins og háir allri framför og nýsköpun í safninu. Húsnæði Bókasafns Reykjaneshæjar er algjörlega sprungið og hefur það áhrif á alla starfsemi hvort sem kemur að safnkosti, viðburðahaldi eða getu safnsins til að miðla sínu efni og bjóða viðskiptavininum upp á það rými svo safnið geti rekið sitt skylduhlutverk. Þegar skipuleggja á nýtt safn þarf að hafa þarfir næstu 10-15 ára í huga, staðsetning þarf að vera í alfaraleið og tekið tillit til almenningssamgangna. Bókasafn Reykjaneshæjar vinnur samkvæmt framtíðarsýn „Í takt við tímann“ sem samþykkt var af bæjarstjórn Reykjaneshæjar í apríl 2020.

Menningar- og þjónusturáð

Þórdís Ósk Helgadóttir er forstöðumaður Súlunnar. Menningar- og atvinnuráð skipa þau Trausti Arngrímsson (formaður), Eydís Hentze Pétursdóttir (varaformaður), Sverrir Bergmann Magnússon, Birgitta Rún Birgisdóttir og Eva Stefánsdóttir.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóðareglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfelli birtist á www.leitir.is og á vefsíðu [bókasafnsins](http://bokasafnsins).

Síðustu ár hefur Gegni verið hýstur í samhæfu bókasafnskerfi sem heitir Aleph sem er hýst af ExLibris. Árið 2022 var farið yfir í veflægt kerfi sem heitir Alma og er einnig hýst í gagnaveri ExLibris. Alma er skýjalausn og því er ekki lengur nauðsynlegt að hlaða niður kerfi í tölvur til þess að nota þjónustuna. Vinna vegna nýja kerfisins hélt áfram á árinu 2023 og hefur starfsfólk safnsins haldið áfram að sækja námskeið á vegum Landskerfa.

Safnkostur í lok árs var 56.602 (61.882). Nýskráningar á árinu voru samtals 3.189. Farið var í mikla grisjun á safnkosti vegna plássleysis en afskráð eintök á árinu voru samtals 9.588. Haldið var áfram að færa safnkost í safndeildir sem gerðar voru 2022 og er því verki lokið að mestu. Enn á samt eftir að færa 5.946 eintök í rétta safndeild. Árið 2022 barst safninu stór bókgjöf frá pólska sendiráðinu af pólskum bókum fyrir allan aldur, enn er unnið í því að skrá þessar bækur inn í Gegni. Eitthvað var keypt af nýjum bókum á pólsku þar sem eftirspurn er mikil bæði í barnabækur og bækur fyrir fullorðna. Spiladeildin heldur áfram að stækka og vinsældirnar aukast ár frá ári og nú var Super nitendo leikjatölvu bætt við til útlána í júlí of fór hún samtals í 7 útlán. Ákveðið var á árinu að skipta spiladeildinni upp og eru nú annarsvegar spil til útlána og hinsvegar með spil til notkunar á safninu. Þetta var gert vegna þess að mikið var um að verið væri að spila á safninu og þá jafnvel tynast úr spilum sem svo fóru þannig í útlán. Með þessu á að koma í veg fyrir að lánþegi fái lánað spil sem vantar í. Útlán og endurnýjanir á spilum voru samtals 1.062. Sögupokarnir eru alltaf jafn vinsælir og stoppa stutt inni og var þemapakum bætt við í sumar sem var mikil ánægja með. Þemapakar eru frábrugðnir sögupokunum að því leiti að þeir eru aðeins í boði ákveðinn tíma af árinu. Í sumar var byrjað á þremur þemapakum, pöddur, fjaran og leikir. Sögupokarnir fóru samtals 111 sinnum í útlán á árinu. Í Hnokkadeild hófst útlán á trépúslum fyrir yngstu börnin og hafa þau verið gífurlega vinsæl. Púslin eru orðin samtals 13 og fóru í 44 útlán á árinu. Veislukössum var fjölgað og eru nú orðin 12 og hafa farið 20 sinnum í útlán á árinu. Plokköngum var eitthvað skipt út á árinu þar sem sumar voru orðnar lélegar og eru þær nú samtals 10. Plokkangirnar fóru samtals 35 sinnum í útlán en þær eru aðeins til útlána í um 4 mánuði á ári. Ráðist var í stórt verkefni þar sem ætlunin er að setja tögg í öll safngögn og hefur það gengið vel og búið að setja nánast í öll safngögn á efri hæð safnsins. Vinna mun halda áfram við að setja tögg í safngögnin á neðri hæð. Ástæða þessa verkefnis er ný sjálfsafgreiðsluvél sem hefur þann kost að lánþegi getur skannað allar bækurnar í einu í stað þess að þurfa skanna hvert einasta eintak. Vinna við upplýsingaarkitektúr safnsins þar sem merkingar voru bættar til að auðvelda safngestum að finna það efni/upplýsingar sem þau leita að hélt áfram á árinu. Útlán í Rafbókasafninu hjá lánþegum allt árið 2023 voru samtals 602 (469) og hafa aukist um 28% milli ára. Lánþegar sem nýttu sér Rafbókasafnið voru samtals 47 (49).



Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 89 (114) leikskólaheimsóknir í aðalsafn voru skráðar árinu. Sjö leikskólar mæta í Bókasafn Reykjanesbæjar og þrír í bókasafn Stapaskóla. Einn leikskóli sækir jólasögustundir og einn kemur í reglulegar heimsóknir utan bókaðra tíma. Allir leikskólar fá skipulagðan Valla ratleik í bókasafninu á vorönn. Þar af leiðandi sækja allir leikskólar Reykjanesbæjar bókasafnið yfir árið. Grunnskólar Reykjanesbæjar mæta bæði í skipulagðar og óskipulagðar heimsóknir. Þá hafa grunnskólarnir líka haft samband og fengið að koma í Valla ratleik í bókasafnið. Alls voru leik og grunnskólaheimsóknir 2590 börn og kennarar. Það komu 262 (232) börn í Vallaleik á safnið. Þar að auki voru hópar frá grunnskólunum að heimsækja safnið án formlegrar móttöku.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem fer fram á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsbækur á póstlistum um málefni bókasafna. Barnabókavörður er í samstarfi við skólabókaverði í Reykjanesbæ. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

Sumarlestur: Sumarlestur var í boði á tímabilinu frá 1. júní til og með 31. ágúst en þátttakendur voru börn á milli 6 – 16 ára ásamt elsta árgangi úr leikskólum. Starfmenn bókasafns Reykjanesbæjar heimsóttu alla grunnskóla sveitarfélagsins og var efni sumarlesturs kynnt fyrir nemendum í 1. - 4. bekk í þeim flestum. Einnig var farið í alla leikskóla Reykjanesbæjar og fengu 270 börn afhenta bókaskrá og fyrsta spjaldið í sumarlestrarleikjum. Efni sumarlesturs fyrir árið 2023 var *Leitin af ævintýraheimum* en það efni kom seint og eftir skólakynninguna.

Yfir sumartímamann gátu börnin komið og skilað skráningarblöðum og leikjablöðum fyrir þátttöku í sumarlestri þar sem einnig var skilakassi. Vikulega var dregið úr skilakassanum í bókasafninu og þeir heppnu fengu bíóferð að launum. Í upphafi skólaárs á haustönn var farið í alla skóla og náð í skilakassana og talið þátttakendur samhliða þeim sem skiluðu í bókasafninu yfir sumartímamann upphafi sumarlesturs hefur venjan verið sú að senda tölvupóst til skólastjórnenda og ritara en tilfinning starfsmanna Bókasafnsins er að það virðist vera einhver flöskuháls þegar kemur að boðskiptum frá skólastjórnendum til kennara. Mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu um hversu mikil lestrarfærni, þá sérstaklega drengja, hefur dregist saman og í auknum mæli eru drengir að útskrifast varla læsir úr grunnskóla. Það þykir skjóta skökku við að skólastjórnendur og aðrir sem málið varðar skuli ekki hvetja samstarfsfólk sitt til þátttöku þegar fyrir liggur tilbúið efni sem styður við að viðhalda lestrarhæfni yfir sumarið þegar skólar eru ekki starfandi. Mikil vinna, undirbúningur og metnaður fer í gerð sumarlestursefnis hjá starfsmönnum bókasafnsins og einnig er mikið lagt í að allt aðgengi að sumarlestursefninu er sem auðveldast sem og skil og tekið var á móti þátttökumiðum bæði inn á safninu, sem og á rafrænu formi og skilakössum í skólum.

Sumarlestrarleikir 2023

Sumarlestur var með breyttu sniði í ár þar sem ákveðið var að notast við efni sem var sameiginlegt á landsvísu. Það var þó bætt við sérhönnuðu efni frá safninu og áfram notast við ævintýri um Reykjanes teningaspil sem hægt var að taka með sér heim eða sækja og prenta út af netinu og orðaleit/skráningarblað með bauninni. Auk þess var boðið upp á lestrarbingó og orðaleik fyrir eldri börnin í grunnskóla sem voru uppfærð frá síðasta ári. Fyrir yngri börnin í grunnskóla og þau elstu í leikskóla (sem eru að hefja nám í grunnskóla) voru einnig gerð bingó og aðrir lestrar leikir (setja réttan staf í orðið, skrifa orð eftir mynd o.fl.) auk bækling einnig uppfært milli ára. Einnig var gerð bókaskrá sem hentar eldri og yngri en í þeirri yngri er texti sem miðar að foreldrum að lesa með eða fyrir barn. Yfir sumarið var gerð vikuleg föndurdagskrá. Einnig var hægt að skrá sig í sumarlesturinn án þess að taka þátt í leikjum til þess er skráningarblað í sumarlestur einungis notað eða skráð í gegnum netið.

Uppskeruhátíð sumarlesturs 2023: Komdu ef þú þorir - skúrkaleit og fjör í Bókasafninu var Uppskeruhátíð Sumarlesturs 2023 Tilkynnt var hvaða grunnskóli Reykjanesbæjar sigraði sumarlesturinn 2023 og fékk bókagjöf fyrir skólabókasafnið sitt. Þar á eftir var skúrkaleit í Hólfinu með vasaljós og bókamerkjagerð með hinum ýmsu skúrkum.

Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar: Bókasafnið er með 11 bókakoffort, eitt koffort í hverjum leikskóla bæjarins. Samtals á safnið 1295 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Heildarútlán úr bókakoffortum eru 19.380. Markmiðið með kofforti í leikskólana er að börn hafi aðgengi að bókum, geti fengið að láni bók með sér heim og valið úr úrvali góðra bóka.

Gaman að lesa saman: Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmennningarverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskóla Reykjanesbæjar og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjanesbæjar og nýtast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði og Laut í Grindavík eru einnig með. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

Bókaverðlaun barnanna: Í febrúar og mars er börnum á aldrinum 6-12 ára boðið að kjósa uppáhaldsbarnabækur ársins. Kosningin fer fram ár hvert á almennings- og skólabókasöfnum um allt land. Bókaverðlaun barnanna voru rafræn þannig að safnið sendi enga þátttökuseðla en gestir voru minntir á kosninguna á netinu með auglýsingum innan safnsins og utan.

Fjölskyldudagar: Laugardagar eru fjölskyldudagar í bókasafninu. Settur er fram leikfangakistill og annað dót auk þess sem boðið er upp á fjölda viðburða fyrir fjölskyldur yfir árið. Keyptar voru léttar dýnur í barnadeild og sett up barnahús.

Sögu og þemapokar: Markmiðið með sögupokum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafli og sköpunargleði barna. Pokarnir eru 13 talsins og hafa vakið mikla lukku meðal barna og fullorðinna.

Samstarfsverkefni: Bókasafn Reykjanesbæjar og leikskólar Reykjanesbæjar fengu styrk úr Sprotasjóð til að vinna sameiginlega að verkefninu *Leikgleði í gegnum sögur og söng*. Þá hittist starfsfólk leikskólanna og bókasafnsins nokkrum sinnum undir leiðsögn Birte Harksen leikskólakennara sem kynnti málörvandi aðferðir fyrir börn í gegnum bækur, leik og söng. Bókasafnið sá um að panta bækur fyrir verkefnið. Verkefninu lauk með Krókódílasögustund í miðju bókasafnsins þar sem 400 manns mættu og sprengdu húsnæðið.



FJÖLMENNING

Heimskonur: Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í 10 ár og hefur gengið ágætlega. Hist hefur verið að minnsta kosti mánaðarlega á Ráðhúskaffi en borið hefur á því að erfiðara gengur að fá hópinn til að hittast í safninu eftir að kaffihúsið hætti og aðstöðu var breytt. Með hópnum eru skipulagðir ýmiskonar viðburðir sem haldnir eru bæði í bókasafninu og annarsstaðar. Má þar nefna spilakvöld, ljóðalabb, jólagleði og fönður og fleira. Um haustið var boðið upp á afmælsköku í tilefni 10 ára afmælis hópsins.

Bókakynning - Birtir af degi: Rithöfundurinn Kristín Guðmundsdóttir kynnti nýjustu bók sína Birtir af degi sem er léttlestrarbók ætluð fólki af erlendum uppruna. Áður hafði hún gefið út bókina Nýjar slóðir sem inniheldur 12 stuttar léttlestrarsögur fyrir fólk af erlendum uppruna. Viðburðurinn var tengdur við viðburðina mín saga og Heima er þar sem hjartað slær - ferðalag milli byggðarlaga myndlistarsýning.

Mín saga: Frásagnir flóttafólks: Haldin voru erindi þar sem 4 einstaklingar frá 4 mismunandi löndum sögðu sögu og upplifun sína. Khalifa Mushib kemur frá Írak, Natalia Zhyrnova frá Úkraínu, Anibal Guzman kemur frá Venesúela og Hadia Rahmani frá Afganistan en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa flúið erfiðar aðstæður í heimalandi sínu.

Fjölmenningsráttíð: Þann 3. júní var Fjölmenningsráttíð í Bókasafni Reykjanesbæjar, Ráðhústorgi og Skrúðgarðinum. Í safninu var ensk sögustund þar sem Christine Carr las enska barnabók og var viðburðurinn í samstarfi við alþjóðateymi ráðhússins. Á sama degi var haldið upp á 10 ára afmæli Heimskvenna. Andrými styrkti viðburðinn.

Ljóðalabb Pol/Ísl: Í tilefni af pólskri menningarhátíð í Reykjanesbæ voru hengd upp ljóð á pólsku og íslensku meðfram strandleiðinni. Gátu því íbúar notið útiveru og nært lífsblómið sitt í leiðinni með þessum fallegu ljóðum.

Bréfamaráðun Amnesty International: Bókasafnið tekur alltaf þátt í átakinu í tvær vikur í desember þar sem fólk getur komið og skrifað undir áskoranir á vegum Amnesty.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: Reglulega koma hópar frá MSS í heimsókn á safnið og kynna sér aðstöðuna og þjónustu.

Alþjóðleg vernd: Bókasafnið kemur að þjónustu við fólk í leit að alþjóðlegri vernd í Reykjanesbæ og geta þau fengið bókasafnskort án endurgjalds. Þetta er í samstarfi við velferðarsvið.

Millisafnalán: Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á íslensku, pólsku og ensku til lengri eða skemmri tíma.

Samstarf við Norræna húsið: Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gildu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

HEIMSENDINGARÞJÓNUSTA

Vala Björk Svansdóttir og Oddný Leifsdóttir hafa umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins – Bókin heim. Farið hefur verið í heimsendingar, á Nesvelli og Hlévang aðra hverja viku. Um 8 (8) lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Um 11 (9) lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru um 4 (4) manns sem nýta sér þjónustuna.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):


Nesvellir: 260 (269)

Hlévangur: 60 (65)



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐUM

Í markaðs- og kynningarstarfi safnsins er unnið með póstlista, facebook, instagram, tiktok og pinterest, heimsíðu safnsins auk fréttabréfsins Menning og viðburðir á Suðurnesjum og visit Reykjanesbær síðunni. Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins og stundum á fjölförnum stöðum í bænum. Heildarfjöldi viðburða á árinu voru 93 (61) og skráðir gestir voru 75.239 (42.972).



Reglulegir/fastir viðburðir:

Bókakonfekt: Einn stærsti bókmenntaviðburður ársins þar sem rithöfundar koma og lesa úr verkum sínum. Í ár komu Nanna Rögnvaldsdóttir, Sverrir Norland og Elín Hirst. Boðið var upp á tónlistaratriði frá Kósýbandinu. Verkefnið var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Bókakonfekt barnanna: Árlegur bókmenntaviðburður fyrir börn var haldinn í sjöunda sinn. Bjarni Fritzson og Bergrún Íris Sævarsdóttir lásu bókum sínum. Regnbogaraddir, barnakór Keflavíkurkirkju fluttu nokkur lög og boðið var upp á djús og piparkökur. Bókakonfekt barnann er styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja. Að upplestri loknum var boðið upp á jólaföndur með Gillian Pokalo myndlistarkonu. Jólaföndrið var tengt við sýninguna Jól í Ólátagarði sem var í Áttthagastofu á sama tíma og var í boði að gera kramarhús og lita myndir í anda sýningarinnar.

Erlingskvöld: Dagskráin var með glæsilegu móti og fram komu Auður Ava Ólafsdóttir, Óskar Magnússon og Pedro Gunnlaugur Garcia auk þess sem Djasshljómsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar spilaði nokkur lög. Dagskráin var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Leshringur: Bókasafnið starfrækir leshring sem hittist einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann og ræðir fyrirfram ákveðna bók sem allur hópurinn les. Unnur Ósk Wium, nemi í bókmenntafræði heldur utan um hringinn.

Foreldramorgnar: Samverustund foreldra með ung börn í safninu. Einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina fá foreldrar fræðslu sem snýr að þörfum og uppeldi ungbarna. Í hin skiptin er notalegt spjall. Foreldramorgnar eru búnir að skapa sér sess meðal foreldra ungra barna og eru flestir viðburðirnir virkilega vel sóttir. Fræðslustundir á árinu voru skyndihjálp ungbarna frá Rauða krossinum (tvisar sinnum), Arna Skúladóttir talaði um svefn ungbarna, Jóhanna Ingvarsdóttir flutti erindi um ungbarnasund, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir fjallaði um það hvernig foreldrar geta auðgað málþroska og mikilvægi þess að lesa fyrir börnin sín og Inga María Henningsdóttir var með Fingramat.

Notalegar sögustundir: Síðasta laugardag í mánuði er Notaleg sögustund með Höllu Karen sem er einn vinsælasti reglulegi viðburðurinn í bókasafninu. Þá les og syngur Halla Karen, leikkona og viðburðastjóri, fyrir stóran hóp barna á aldrinum eins til átta ára, og foreldra þeirra, ömmu og afa.

Bókabíó: Íslenska kvikmyndin Stikkfrí (1997) í leikstjórn Ara Kristinssonar var sýnd í bókabíó. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við BAUN (Barna og ungmennahátíð í Reykjanesbæ).

Fornsögunámskeið: Tvisvar á ári er fornsögunámskeið haldið í bókasafninu þar sem Þorvaldur Sigurðsson bókmennta- og íslenskufræðingur fjallar um fornsögurnar. Á haustönn ákvað Þorvaldur að segja þetta gott og Anna Taylor íslenskukennari tók við. Á vorönn var farið yfir Njálssögu seinni hluta og Gísla sögur Súrssonar á haustönn.

Saumað fyrir umhverfið: Á opnunartíma safnsins er hægt að sauma í saumavél. Gestir geta saumað poka fyrir pokastöð bókasafnsins eða til dæmis stytta buxur eða sauma gardínur. Eins og áður er hægt að sauma fjölnota poka merkta verkefni.



Aðrir viðburðir á árinu:

Lestraráskorun: Í ár var notendum safnsins boðið upp á 3 mismunandi lestraráskoranir sem hægt var að velja um, lesa eina bók á mánuði, tvær bækur á mánuði eða eina bók á viku.

Öskudagur: Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur. Krakkar í búningum fengu blýanta í skiptum fyrir söng og komu um 272 börn. Starfsfólk fór líka í Valla búninga.

Roblox: Í síðustu krakkakosningum völdu börn í Reykjanesbæ að hafa Roblox námskeið í Bókasafninu sínu. Að sjálfsögðu virðum við lýðræðið.

Grunnfræðsla um einhverfu: Námskeiðið var haldið af Einhverfusamtökunum í samstarfi við verkefnið Velferðarnet Suðurnesja.

Fræðsla um einhverfu á fullorðinsárum: Guðlaug Svala, Hildur Valgerður og Sigrún frá Einhverfusamtökunum fræddu okkur um einhverfu á fullorðinsárum.

Ég er Unik; hvernig get ég hjálpað barninu mínu: Aðalheiður Sigurðardóttir er stofnandi verkefnis Ég er unik (www.egerunik.is) og hefur um árabíl starfað sem fyrirlesari og tengslaráðgjafi fyrir foreldra og fagfólk, með sérstaka áherslu á einhverfuróf, ADHD og kvíða.

Páskaföndur: Boðið var upp á páskaföndur og gátu börn og ungmenni komið og klippt, litað og skreytt.

Mottumars: Bókasafn Reykjanesbæjar sýndi stuðning í verki og hélt mottuviku í bókasafninu. Boðið var upp á mottu-bókamerki auk þess sem mottur voru límdar framan á bækur til að vekja athygli á málstaðnum.

Barna- og ungmennahátíð (Baun): Boðið var upp á origami smíðju, náttfatalestur, May the Fourth og spiladag á Baun. Svarthöfði og félagar úr StarWars mættu og buðu upp á stimplun í Baunabréf.

Geðrænn vandi og ábyrgð sem börnin taka: Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn er haldinn víðsvegar í heiminum 10. október ár hvert. Í tilefni þess var Sigríður Gísladóttir formaður Geðhjálpur með fræðslu um börn foreldra með geðrænan vanda og fjallaði um verndandi þætti og leiðir til að styðja við þann hóp. Viðburðurinn var í samstarfi við Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar.

Frozen sögustund á pólsku og úkraínsku: Snjódróttningin, snjóprinsessan og fjallamaðurinn buðu upp á Frozen sögustund með úkraínskum og pólskum sögum. Þegar sögustund var lokið þá buðu þau upp á föndurstund í miðju bókasafnsins.

Loksins komin tími á sumar... ræktun!: Létt og skemmtilegt spjall um forræktun sumarblóma og matjurta með Berglindi Ásgeirsdóttur, garðyrkjufræðingi. Farið var yfir grunnatriði sáningar blóma og kryddjurta.

Ræktun matjurta og fjölærar plöntur: Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur, fjallaði um fjölærar plöntur auk þess sem Fanney Margrét Jósepsdóttir frá Garðyrkjufélagi Suðurnesja fjallaði um ræktun matjurta í gróðurkössum með áherslu á kartöfluræktun og úthlutun gróðurkassa í Njarðvíkurskógum.

Erindi um svefn 5 - 10 ára barna: Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur, sérfræðingur í barnahjúkrun og svefnráðgjafi hélt erindi um svefn barna á aldursbilinu 5 - 10 ára. Arna hefur gefið út bækurnar Draumaland og Veganesti.

Erasmus+ samstarf/ samfélagsgarður: Bókasafnið er í Erasmus+ samstarfi við aðila í Slóvakíu og Noregi um verkefnið NatureBased education. Garðyrkjufélag Suðurnesja koma einnig í samstarf við að setja á laggirnar samfélagsgarð við Bókasafnið og fræðslu í umhverfismálum, ræktun og fræðslu.

Ljósanótt: Ljóðagjörningurinn. „Allir eiga sér sögu. Öll búum við yfir kærleika og höfum upplifað ástir og sorgir, hamingju og gleði.“ Eyrún Ósk Jónsdóttir flutti ljóð úr ljóðabók sinni í svartnættinu miðju skín ljós við trommundirleik Akeem Richards sem spilar á afrískar trommur. Einnig var ljóðasamkeppni Bryggjuskálda á Suðurnesjum með ljóðalestur vinningshafa í ljóðasamkeppni Bryggjuskálda á Suðurnesjum í tengslum við ljósanæturhelgi. Jasshljómsveitin Þrío spilaði nokkur lög. Viðburðurinn var styrkur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Fótboltafjör með Frey: Freyr Sverrisson fótboltaþjálfari kom og las kafla úr fótboltabók og sýndi nokkur töfrabrögð. Einnig gaf hann tvær fótboltatrejjur.

Fuglarnir í garðinum og fóðrun þeirra: Guðmundur Falk Jóhannesson, fuglaljósmyndari og Hannes Þór Hafsteinnsson, garðyrkjufræðingur fjölluðu um fuglana í garðinum og leiðir til að laða þá til sín með fóðurgjöf. Fræðslufundurinn var á vegum Garðyrkjufélags Suðurnesja í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar. Verkefnið er fjármagnað af ERASMUS+ áætlun Evrópusambandsins.

Bleiki dagurinn: Stíll var upp bleikum bókum og dregnar fram bleikar skreytingar í tilefni dagsins. Starfsmenn voru í einhverju bleiku og gerðu sér glaðan dag.

Jólakransagerð: Námskeið í jólakransagerð í samstarfi við Garðyrkjufélag Suðurnesja. Verkefnið er fjármagnað af ERASMUS+ áætlun Evrópusambandsins.

Hrekkjavaka: Boðið var upp á luktagerð og allt efni á staðnum. Einnig var Uppvakningaleit og hræðileg óhljóð í Hólfinu þar sem leitað var að uppvakningum með vasaljós að vopni.

DragStund | Starína les sögu fyrir börnin: Töfrandi sögustund fyrir yngstu börnin. Starína er barnvænasta dragdrottning Íslands og hefur undanfarin ár glatt börn með því að lesa fyrir þau. Eftir lesturinn var hægt að heilsa og láta taka myndir af sér með Starínu.

Hvernig birtist ADHD á unglingsárum: Fræðsla fyrir foreldra og aðstandendur unglunga með ADHD. Fyrirlesturinn eru haldinn af Velferðarneti Suðurnesja í samstarfi við ADHD samtökin.

Bangsadagurinn: Á bangsadaginn var börnum velkomið að koma með bangsana sína í safnið og leyfa þeim að gista. Um nóttina gerðu bangsarnir ýmis prakkarastrik sem tekið var myndir af og sett á samfélagsmiðla. 37 bangsar mættu í gistipartý ársins.

Harry Potter dagurinn: Í annað skipti var Harry Potter dagurinn haldinn í safninu með pompi og prakt og börnum boðið að koma í búningum. Boðið upp á Töfrandi fönður og sokkasmiðju, galdraspil og leitað að gullnu eldingunni í Hólfinu.

Safnahelgi á Suðurnesjum: Safnahelgin var haldin 17. – 19. mars. Boðið var upp á að taka sjálfu með Elvis Presley á sýningu í Áttthagastofu safnsins.

Bannaðar bækur: Í tilefni af alþjóðlegri viku bannaðra bóka var vakin athygli á þeim verkum sem hafa verið bönnuð, fjarlægð eða aðgangur að þeim takmarkaður á einhvern hátt, aðallega í skólum og bókasöfnum í Bandaríkjunum. Sett voru saman plaköt fyrir bæði börn og fullorðna til þess að kynna efnið og auk þess voru gerðar myndir fyrir samfélagsmiðla. Meginmarkmið vikunnar er að fagna lestrarfrelsinu og rétti einstaklingsins til þess að velja sér lesefni án ritskoðunar. Af því tilefni var nokkrum vinsælum og þekktum barna- og unglingsbókum sem hafa verið bannaðar, gagnrýndar eða þótt ögrandi á heimskringlunni í gegnum tíðina stillt upp til sýnis á safninu.

Jarðvangsvika á Reykjanesi: Stillt var upp safnkosti sem sýnir fram á jarðsögu og feegurð Reykjaneskagans.

Ástarvika: Kærleikurinn er besti leikurinn. Í ástarviku í febrúar var safnið skreytt með bókahjörtum og allir fengu hjartabókamerki.

Dagur íslenskar tungu: Boðið var upp á ljóðalestur og söng þar sem Gunnhildur Þóðardóttir ljóðskáld með meiru flutti ljóð úr bók sinni Dóttir drápunnar og Dr. Guðmundur Brynjólfsson las úr ljóðabók sinni Hróað úr tímaþvottavélinn. Söngflokkurinn Uppsíglung flutti nokkur íslensk sönglög.

Heilsu- og forvarnarvika: Í tilefni af heilsu- og forvarnarviku í Reykjanesbæ var boðið upp á heilsufarsskoðun í bókasafninu. Samtakahópurinn í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja buðu upp á skoðunina. Vel var mætt og einhverjir voru hvattir til þess að fara í meiri skoðun. Einnig var boðið upp á Krakkajóga með Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttur leikskólakennara og jógaleiðbeinanda í heilsu- og forvarnarviku.

Bókasafnsdagurinn og Alþjóðlegur dagur læsis: Á þessum dögum vekur bókasafnið athygli á dögnum með fjölbreyttum hætti, bæði í safninu og á samfélagsmiðlum. Á bókasafnsdeginum var safnið skreytt með íslenska fánanum, felldar niður sektir og starfsmenn gæddu sér á köku á þessum hátíðisdegi. Þema ársins var Lestur er bestur – á öllum tungumálum.

Vistvæn jól: Í heimilishorninu var sett upp vistvæn innpökkunarstöð í safninu fyrir jólin. Þar var hægt að nota efni sem fellur til í safninu við innpökkun á gjöfum. Einnig var boðið upp á skiptimarkað með jólafatnað, bæði barna og fullorðins, spil, púsl og jólaskraut.

Umhverfisvænn september: Fólki boðið að koma með vel farin og hrein föt á skiptimarkað í bókasafninu og taka með sér annað í staðinn. Áhersla var lögð á vetrarfatnað og íþróttafatnað auk þess sem hægt var að skiptast á garni. Hringrásarkerfið í sinni tærustu mynd. Hópur drengja á leikskólanum Gimli komu með ýmiskonar rusl sem þau hafa fundið í og við Njarðvíkurskóga. Efnið var til sýnis í glerskáp.

Kynning á bókmenntaarfinum: Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni „Kynning á menningararfinum“ þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Í marslok var haldið Erlingskvöld þar sem Auður Ava Ólafsdóttir, Óskar Magnússon og Pedro Gunnlaugur Garcia lásu upp úr verkum sínum. Djasshljómsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar spilaði nokkur lög í bókasafnið í Vogum komu Kamilla Kjerúlf,

Gunnar Theodór og Bergrún Íris, Rán Flygenring og Hjörleifur Hjartarson. Í Bókasafnið í Suðurnesjabæ komu Ármann Jakobsson og Sólveig Pálsdóttir og lásu upp úr verkum sínum. Í lok nóvember var haldið Bókakonfekt barnanna í Reykjanesbæ þar sem barnabókahöfundarnir Bjarni Fritzson og Bergrún Íris Sævarsdóttir lásu úr verkum sínum auk þess sem barnakór Keflavíkurkirkju bauð upp á tónlistatriði. Á Bókakonfekt 2023 komu Nanna Rögnvaldsdóttir, Sverrir Norland og Elín Hirst og lásu úr verkum sínum. Kynnir var Unnur Ósk Wium. Tónlistatriðið kom frá Kósýbandinu í Reykjanesbæ.

Sýningar í Átthagastofu:

Heima er þar sem hjartað slær - ferðalag milli byggðarlaga: Heima þar sem hjartað slær er myndlistarsýning sem sýnir afrakstur kvenna frá öllum heimshlutum sem komu saman og bjuggu til listaverk sem endurspegluðu hvaða merkingu "heima" hafði fyrir þær. Sýningin er afrakstur vinnustofa sem haldin voru víðsvegar um Ísland undanfarin. Verkefnið er samvinnuverkefni fimm bókasafna víðsvegar um landið; Ísafirði, Egilsstöðum, Dalvík, Árborg og Reykjanesbæ, og er styrkt af Bókasafnssjóði. Þessi sýning er lokaliðurinn í þessum hluta verkefnisins.

Elvis Presly konungur roksins: Munasýning um Elvis Presley þar sem finna mátti athyglisverða muni, bækur, geisladiska og fatnað frá tímabili rokkarans. Dregið var fram það efni sem safnið á tengt Elvis og sýndar gamlar myndir og tónlist á sýningunni. Stiklað var á því allra stærsta í ævi hans og fjölskyldu. Fjallað var um sýninguna í Kastljósi. Munir voru fengnir að láni úr ýmsum áttum frá velunnurum og vinum bókasafnsins.

Horfin hús horfinn heimur: Á sýningunni mátti finna ljósmyndir af gömlum húsum og mannlífi á slóðum þar sem Bókasafnið er til húsa í dag, heimur sem er ýmist horfinn eða á hröðu undanhaldi nýrra tíma. Óhætt er að segja að húsin segja sögu sem líkur aldrei meðan þau standa og minnig þeirra lifir í ljósmyndunum sem varðveittar eru. Myndirnar eru í eigu Byggðasafns Reykjanesbæjar.

Jólasýning: Sýninging Jól í Ólátagarði stóð fram á þrettándann og mátti á henni finna ýmislegt skemmtilegt sem tengist jólonum úr bók Astrid Lindgren Jól í Ólátagarði. Bókasafnið hvatti unga sem aldna að kíkja við og eiga notalega stund saman. Bókin um jól í Ólátagarði lesin í sögustund og börnin í Ólátagarði var þema í jólaföndri fjölskyldunnar.

Kynningarmál

Rými Bókasafnsins: Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Þannig sjá notendur bókasafnsins hvað er að gerast í safninu hverju sinni. Byrjað var að nota forritið Canvas sem viðbót við aðra hönnun á kynningarefni.

Miðlar

Heimasíða Bókasafns Reykjanesbæjar: Á heimasíðunni eru skrifaðar fréttir um starfsemi bókasafnsins, allir viðburðir auglýstir og síður með margvíslegum upplýsingum, til dæmis um sýningar í safninu, útlánareglur, safnkostinn og margt fleira.

Instagram: Instagram er vinsælasti samfélagsmiðill unga fólksins og þar eru settar inn myndir úr daglegu starfi bókasafnsins, auk þess sem viðburðir eru auglýstir á myndrænan hátt.

Facebook: Bókasafnið nýtir sér Facebook á fjölbreyttan hátt. Allir viðburðir á vegum safnsins eru auglýstir þar, alls konar upplýsingum um þjónustu safnsins er komið á framfæri og myndir úr daglegu starfi settar inn. Auk þess heldur Bókasafnið utan um nokkra lokaða Facebook hópa, t.d. fyrir Foreldramorgna, Leshring og Heimskonur.

Tikk tok: Gerð var tilraun með tik tok video og ungmenni í sumarvinnu hjá safninu fengin í það verkefni. Þau myndbönd náðu til miklu fleiri notenda en almennt eða allt að 6600 áhorf til viðmiðunar við 150 til 200 á venjulegum myndböndum frá safninu.

Póstlistar/fréttabréf: Póstlistaforritið MailChimp er notað til þess að senda út auglýsingar um viðburði safnsins.

Hefðbundnir fjölmiðlar/annað: Allir viðburðir eru skráðir á Visit Reykjanesbær og einnig birtast flestir þeirra í rafrænu fréttabréfi Menning & viðburðir. Umfjallanir um viðburði á vegum safnsins birtast oft í Víkurfréttum og af og til náum við eyrum landsfjölmiðla.

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 20 tölvur eru nú í eigu safnsins, ein keyrir netkaffi fyrir gesti. Þar af eru 3 nettölvur fyrir gesti með prentara, 1 sjálfsafgreiðsluvél, 1 leitartölva fyrir gesti sem veitir aðgang að leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna. Loks eru 10 tölvur á vinnustöðum starfsmanna, þar af 4 fartölvur. Í Stapasafni er 1 borðtölva, 1 fartölva og sjálfsafgreiðsluvél.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 10. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Creative suite, Dreamweaver, Microsoft Publisher, Acrobat Writer og GoPro. Öll skjöl bókasafnsins eru í skýinu og eru þau aðgengileg fyrir alla starfsmenn hvar og hvenær sem er. Með skýinu er aðgangur að sharepoint og öðrum Microsoft forritum. Ókeypis aðgangur er að almenningstölvunum og þráðlausu neti fyrir lánþega safnsins, aðrir greiða fyrir aðgang að tölvu. Árið 2023 voru 1.844 (1.665) skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 154 (139) á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í maí eða 205 innskráningar.

UPPLÝSINGAEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingadeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingadeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk Upplýsingadeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður Upplýsingadeild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Áfram verður lögð áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er að finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Á árinu 2023 voru skráðar beiðnir um heimildaleit 8 (74). Þar sem ekki náðist að manna upplýsingaþjónustuna nægilega vel á árinu voru aðeins skráðar heimildaleitir 8 en voru þó fleiri sem ekki voru skráðar. Compitella sem er fyrirsprungarkerfi tengt heimasíðu safnsins var ekki mikið notað á árinu, mögulega höfum við ekki náð að kynna það nægilega vel. Í lok árs var áskrift að því kerfi hætt og verið er að skoða hvort að keypt verði áskrift að nýju kerfi. Bókasafnið skráði sig sem notanda hjá Noona.is og verið að skoða það að setja það upp og bjóða lánþegum okkar að bóka tíma hjá upplýsingafræðing. Aðstaðan á neðri hæð safnsins er áfram vel nýtt á hverjum degi og heldur áfram að aukast og því miður ekki verið pláss fyrir alla og sumir þurftu frá að hverfa á mestu álagstímum. Ekki var hægt að bjóða upp á auka opnun safnsins á álagstímum þetta árið. Í árslok var endurnýjaður þjónustusamningur um upplýsingaþjónustu fyrir nemendur af menntaskólanum á Ásbrú og háskólabrúar Keilis. Samningurinn gildir í eitt ár.

Notendafræðsla: Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál. Þrátt fyrir litla eftirspurn er nauðsynlegt að geta boðið upp á þessa kennslu og því er vilji fyrir að halda henni áfram. Með tilkomu Noona.is er vonast til að fleiri nýti sér þessa þjónustu.

Handbækur: Handbókasafnið, sem staðsett er á neðri hæð við upplýsingaþjónustuborð er í sífelldri þróun og endurskoðun. Fyrir nokkrum árum var tekin sú stefna að lána út handbækur í skammtímaláni til þess að fá meiri hreyfingu á handbækur. Lánstími er allt frá því að vera frá einum sólarhring upp í 14 daga. Rætt hefur verið um að hætta með handbækur og vera með allan safnkost til útlána og er það í skoðun.

Upplýsingavakt: Tveir bókasafns- og upplýsingafræðingar sinna upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 10 til 15:30 virka daga og hefur það gengið misjafnlega. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirsprungir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt en það hefur minnkað. Svo virðist sem flestir vilji fá þjónustuna strax og geti ekki beðið til næsta dags.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaefni safnsins og koma með tillögum um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Starfsmenn í afgreiðslu finna aukna þörf notenda fyrir aðstoð við almenningstölvur og prentun. Í gildi er samstarfssamningur milli bókasafns Reykjanesbæjar, bókasafnanna í Vogum, Grindavík og Suðurnesjabæ. Þannig gildir eitt bókasafnsskráningu milli allra safnanna, hægt er að panta og skila safnefni frá öllum samstarfssöfnum.

Útlán: Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2023 voru 49.399 (49.677). Útlán á elliheimili voru alls 320 (334). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.860 (19.860). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 150 (160). Flest útlán frá afgreiðsluborði voru í mars 4.497. Safnið var opið í 50 klst á viku yfir vetrartímann en 45 klukkustundir yfir sumartímann. Opið var 289 (287) daga á árinu. Útlán í rafbókasafni voru 602 (469). Útlán frá afgreiðsluborði og sjálfsafgreiðslu Stapasafns voru 6.854 (7.876).

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Umsjón með viðgerðum hefur Jóna Þórudóttir.

STAPASAFN

Stapasafn deilir húsnæði með Stapaskóla, fyrst sem skólabókasafn þar til fasi 2 við byggingu Stapaskóla verður tilbúin. Safnið er staðsett á efri hæð Stapaskóla. Stapasafn þjónustar nemendur og starfsfólk skólans með útlánum safngagna og upplýsingaþjónustu. Safnkostur er samnýttur milli aðalsafns og útibús og eru sendingar milli safnanna farnar eftir þörfum. Útlán Stapasafns 2023 er 6.854 (7.876). Leikskólarnir Akur, Holt og Stapaskóli mæta á Stapasafn í sögustundir. Safnið er opið virka daga frá kl. 8:00 – 15:00 en lokað á matartíma 11:45 – 12:15. Verkefnastjóri Stapasafns er Þórey Ösp Gunnarsdóttir og tímastarfsmaður er Unnur Ósk Wíum Hörpudóttir. Safnkostur Stapasafns er skráður í Gegni, var 7.634 (6.303). Nýskráningar voru 1.331 en meginþorri safngagna eru í barna og ungmennadeild sem stendur. Á Bókasafni Reykjanesbæjar fara fram innkaup en starfsmaður Stapasafns sér um skráningu, flokkun, tengingu gagna og plöstun. Alla þriðjudaga koma leikskólarnir í Innri-Njarðvík í sögustundir er þær voru 25 (16) og alls komu 363 (434) börn. Í Stapaskóla eru 376 (369) börn á grunnskólastigi og 92 (83) börn á leikskólastigi. Stapasafn er mikið notað fyrir verkefnavinnu og stuðningskennslu sem og Frístundarheimilið Stapaskjól kemur reglulega í heimsókn. Safnið er einnig mikið notað af eldri bekkingum í frímínútum og í matartíma. Tekist hefur að gera bókasafnið eftirsóknarverðum stað sem gott er að koma og dvelja á. Ýmsar uppákomur hafa verið á skólasafninu eins og kosning til Bókaverðlauna barnanna, ástarvika, Bókasafnsdagurinn, bleikur október, vika bannaðra bóka, hrekjavaka, Dagur íslenskrar tungu og jóladagskrá.



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir:

Stökkpallurinn frá MSS
MSS grunnur
Erasmus+ hópur GreenEdu
Erasmus+ hópur WellBeining
Kvenfélag Álftanes
Bókasafn Hafnarfjarðar

Súlan:

Vikufundir
Menningar- og þjónusturáðsfundir
Stöðufundir
Starfsdagur

Nám og námskeið:

Skráningarnaámskeið – SIS,GKB
Fjölmennung auðgar – allt starfsfólk
Kynning fyrir Keili MÁ og Háskólabró – SG,PÖG
Stjórnendabjálfun – SG,GKB
Alma nýtt bókasafnskerfi – allt starfsfólk
GoPro – SG
Kynning á aðstöðu og þjónustu fyrir Keili – SG/PÖG
Meistaránám í Upplýsingafræði – GKB

Ráðstefnur, fundir:

Mælaborðshugmyndir – SG
Fotoware – SG
Sálfræðilegt áhættumat – SG
Snerpufundur mannauðsdeildar – SG
Safnahelgi á Suðurnesjum – SG
Kynning á Erasmus+ fyrir SFA – SG
Summerles fundur – GKB, SG, AMC, PÖG, SIS
Fræðsluferð til Osló – SG,GKB,AMC,SIS,PÖG,OL,VS,GIJ
Lean ráðstefna – GIJ
Upplýsing fagfélag – SG
Vorráðstefna Upplýsingar – SG,PÖG,GKB
Erasmus+ heimsókn til Noregs – SG,BÁ
FabLab á Suðurnesjum – SG
Landsfundur Upplýsingar – SG,PÖG,AMC,JP,SIS,VS
Rafbókasafnið – PÖG
Starfsgreinakynning grunnskólanna – PÖG,GKB
Nordic libraries together ráðstefna – SG,PÖG
Bókasafnið í Hjómahöll fundir – SG
Starfsþróunarsamtöl – allt starfsfólk
Umræðufundur Leikgleði – EB
Vaxtaverkir á Suðurnesjum – SG
Sumarlestur yfir landið - GKB
Barnabókasetur - SG
Skólaslit – SG
Starfsgreinakynning – PÖG/GKB
Samráðsfundur Gagnis með Landskerfum – SG/JP/PÖG/GKB/SIS/DRÍ
Kyndilberi Reykjanesbæjar – GKB
Blái skjöldurinn – GKB fulltrúi
Esmarus+ fundir – SG
Stjórnendadagur - SG/PÖG
Starfsmenn á skólasöfnum í Reykjanesbæ – SG/EB/PÖG
Aðalfundur Landskerfis í júní - SG fulltrúi
Aðalfundur Upplýsingar – SG fulltrúi
Aðalfundur SFA – SG
Fundir í stjórn Upplýsingar – SG ritari
Aðalfundur Málræktarfélag Íslands í júní – SG fulltrúi
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna – SG
Umsjón með bókasjalli – ÚÓW
Fræðslufundur stjórnenda – SG
Canva námskeið – GKB
Fræðsluvefur Reykjanesbæjar – allt starfsfólk

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Fulltrúaráð þjónustumiðstöðvar bókasafna – SG
Varamaður í stjórn Landskerfis bókasafna hf að hálfu sveitarfélaga. - SG
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Vogum og Suðurnesjabæ
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess

Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gegnis – GKB
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – SG fulltrúi
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða – flest starfsfólk félagar

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópvavinna – teymi um málefni/verkefni. Fundað eftir þörfum
Starfsmannafundir hálfsmánaðarlega yfir veturinn
Deildarstjórafundir vikulega yfir veturinn
Töflufundir daglega
Starfsmannasamtöl
Fræðsluferðir

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónaraðilum verkefna.

Gjört í mars 2024

Stefanía Gunnarsdóttir

Forstöðumaður